

Svæðistjórn Eddusvæðis

Svæðistjóri: Jón Jakob Jóhannesson, Jörfa jonjakob@hive.is

Fráfarandi svæðistjóri: Jakob Marínósson Höfða

Kjörsvæðistjóri : Snjólfur Fandal Kötlu

Ritari: Baldur Árnason Jörfa baldurarna@internet.is

Meðstjórnandi: Friðrik Hafberg Jörfa

Skýrsla svæðisstjóra Eddusvæðis vegna svæðisráðstefnu 13.nóvember 2010 Kiwanishúsinu Engjateigi 11.

Eftir gott umdæmisþing í Kópavogi byrjaði ég sem svæðistjóri að skipta um stjórn í mínum klúbbi, Jörfa þann 25.september í Hafinu Bláa við Ölfusárósa og var fengin rúta með manskapin. Mér til aðstoðar var Leifur Ásgrímsson. Þar mættu 27 félagar ásamt mökum. Þar voru teknir inn tveir nýir félagar. Undir borðhaldi voru veittar ýmsar viðurkenningar þar bar hæst að Sigursteinn Hjartarson fékk silfurstjörnu . Fráfarandi forseti Jörfa Baldur Árnason fór vítt og breytt yfir starf Jörfa á starfsárinu. Þetta var frábært og skemmtilegt kvöld.

Þann 4.október skiptum við Baldur Árnason um stjórn í Þyrli í Veitingahúsinu Galito á Akranesi. Með okkur var kjörsvæðistjóri Snjólfur Fandal. Þetta var venjulegur fundur hjá þeim. Fór forseti Haldór Fr. Jónsson yfir starfsárið í Þyrli . Þetta var skemmtilegt kvöld með Þyrilsmönnum.

Þann 9.október skiptum við Snjólfur Fandal um stjórn í Kiwanisklúbbnum Kötlu í Hótel Hengli við Nesjavallavirkjun. Það var fundur með mökum . Fór forseti Þorlákur Jóhannsson yfir starfsárið og tók inn tvo nýja féлага. Þetta var hin skemmtilegasta helgi með Kötlumönnum í fögru umhverfi.

Hjá Höfða var skipt um stjórn á sama tíma og hjá Jörfa þann 25.september og sá Sigurður Jóhannsson um það.

Jöklar eru ekki komnir í gang, en þeir hittast á Dússabar í Borganesi óreglulega , ég náði sambandi við Sverri Hallgrímsson sem er orðin 80 ára en áhugasamur. Ég á eftir að heimsækja þá, enda þekki ég þá alla frá mínum unglingsárum og á eftir heyra betur í þeim.

Það voru stofnaðir tveir klúbbar Varðan í Keflavík og Eldfell sem er að uppistöðu brottfluttir Vestmannaeyingar. Þannig að það fjölgaði í Umdæminu, úr 880 í 940 á árinu sem eru mjög ánægjulegar fréttir.

Í Höfða er 31 félagi, Jöklar 11, Jörfi 31, Katla 35 og Þyrill 30, samtals 138 félagar í Eddusvæði.

Jón Jakob Jóhannesson, Svæðisstjóri Eddusvæðis